

## REGLUGERÐ

### **um gjald fyrir efnistöku af eða úr hafsbótni utan netlaga samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.**

#### 1. gr.

Aðili sem fengið hefur leyfi til að taka eða nýta efni af eða úr hafsbótni utan netlaga, samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, skal greiða endurgjald fyrir það efni sem tekið er á grundvelli nýtingar- eða efnistökuleyfis hans.

#### 2. gr.

Gjald samkvæmt 1. gr. skal vera í formi efnistökugjalds sem miðast við það efni sem tekið er samkvæmt nýtingar- eða efnistökuleyfi. Efnið skal mælt á kostnað leyfishafa með aðferðum sem Orkustofnun viðurkennir hverju sinni, miðað við rúmmetra af efni á eða úr hafsbótni.

Skilyrði nýtingar- eða efnistökuleyfis er að greitt sé efnistökugjald eins og það er ákvarðað á hverjum tíma í gjaldskrá sbr. 3. gr. og skal slíkt tilgreint í nýtingar- eða efnistökuleyfi.

#### 3. gr.

Í gjaldskrá sem ráðherra setur, að fenginni tillögu Orkustofnunar, skal nánar mæla fyrir um gjald fyrir efnistöku af eða úr hafsbótni, meðal annars út frá því um hvers konar efnistöku er að ræða.

#### 4. gr.

Tekjum af efnistökugjaldi samkvæmt reglugerð þessari skal að jafnaði varið til hafsbots- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun Orkustofnunar.

#### 5. gr.

Orkustofnun annast innheimtu efnistökugjalds samkvæmt reglugerð þessari. Efnistökugjald skal innheimt einu sinni á ári fyrir liðið ár.

Gjalddagi efnistökugjalds samkvæmt 1. og 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

#### 6. gr.

Um leyfisgjöld fyrir efnistöku af eða úr hafsbótni utan netlaga fer samkvæmt ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 5. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 7. mars 2012.*

**Oddný G. Harðardóttir.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*